

Íslenska kalkpörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

Egilsstaðir, 11.7.2023
UST202301-128/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. júní 2023 – Íslenska kalkpörungafélagið, Bíldudal

Þann 1. júní sl. fór fram eftirlit í kalkpörungaverksmiðju Íslenska kalkpörungafélagsins. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Styrk aukning svifefna í sjó fyrir utan setlón var umfram heimild þegar mælt var í júní 2022.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktari úrbótaáætlun.

2. Magn ryks í útblæstri eldri þurrkara var yfir starfsleyfismörkum í mælingu haustið 2022.

Viðgerð fór fram í byrjun janúar 2023 og er frávikinu því lokað.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðili er hvattur til að upplýsa eftirlitsaðila þegar óvenjulegar aðstæður eru (s.s. uppkeyrsla) sem valda t.d. sýnilegum útblæstri.
2. Rekstraraðila er bent á að halda áfram undirbúningi vegna uppsetningar vindbrjóta.
3. Setja þarf upp varanlega girðingu umhverfis lóð verksmiðjunnar.
4. Rekstraraðili er hvattur til að halda áfram tiltekt á lóðinni.

Sex frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Umhverfisupplýsingum var ekki skilað á tilskildum tíma.

Umhverfisupplýsingum var skilað þann 25.5. sl. og er frávikinu því lokað.

2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2022 hefur ekki verið skilað.

Ársyfirliti var skilað þann 16.6. sl. og er frávikinu því lokað.

3. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Ryk í útblæstri eldri þurrkara verksmiðjunnar var yfir mörkum í mælingu sem var gerð 8. og 9. maí 2023.
4. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Styrkukning svifagna á mælipunkti 3 var 52 mg/l þann 27.9.2022 sem er umfram heimild í starfsleyfi.
5. Gr. 3.13 í starfsleyfi. Hávaði í íbúabyggð mældist oft yfir leyfilegum mörkum árið 2022.
6. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Hávaði var ekki mældur á þeim stöðum sem tilgreindir eru í strafsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. ágúst 2023.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur